



## Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2021


SJÓN1LF05

<b>Kennari</b>	Íris Jónsdóttir netfang: iris.jonsdottir@fss.is
<b>Viðtalstími</b>	Miðvikudagar frá kl. 13:10 til 13:50
<b>Námsefni</b>	Ljósrit frá kennara og annað efni (farið á sýningar, listaverkabækur).
<b>Áfangalýsing</b>	Í upphafi er áhersla lögð á forsendur klassískrar myndbyggingar. Nemendur kanna myndflötinn og eðli og merkingu línuspils og athuga þætti eins og stílfærslu í línunum og formum og hvernig hægt er að byggja upp reglulegt mynstur á fleti. Nemendur hljóta þjálfun í því að beita litum á markvissan hátt. Þeir kanna einföld tengsl lita og forma og skoða breytilega merkingu hluta eftir eðli þess efnis sem hluturinn er búinn til úr.

<b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b>	Skilyrði til að ljúka áfanganum er að nemandi klári öll verkefni sem lögð eru fyrir og skili á réttum tíma.		
	<b>Símatsáfangi</b> <input checked="" type="checkbox"/>	<b>Lokapróf</b> <input type="checkbox"/>	<b>Sleppikerfi</b> <input type="checkbox"/>
	<b>Heiti</b>		<b>Vægi</b>
	Verkefni		50%
	Skissubók		25%
	Mæting		10%
	Virgni í kennslustundum		15%

<b>Reglur áfanga</b>	Athugasemdir vegna viðveruskráningar verða að berast kennara innan viku. Nemendur skulu ávallt ganga frá eftir sig eftir kennslustund. Slökkt skal vera á farsímum í kennslustundum nema að annað sé tekið fram.
----------------------	---

<b>Annað sem kennari vill láta koma fram</b>	Efnisgjald; sjá Innu Það sem nemandi þarf að kaupa: Teikniblyantar: HB, 2B, 4B og 6B Strokleður og yddari Skissubók
--	---

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• grunnhugtökum í lita og formfræði</li> <li>• ólíkum áhrifum lína og forma á mismunandi stöðum í myndfleti</li> <li>• mismunandi áhrifum og vægi lita</li> <li>• blöndun og beitingu ljós- og efnislita</li> <li>• klassískum fegurðarlögmálum og notkun þeirra í myndlist, hönnun og byggingarlist</li> </ul>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beita litum og formum til að ná fram mismunandi áhrifum</li> <li>• nota grunnhugtök í lita og formfræði</li> <li>• nota mismunandi efni og blanda liti</li> <li>• nota verk nokkurra myndlistamanna og hönnuða sem innblástur fyrir eigin vinnu</li> </ul>
	
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• rannsaka óhlutbundna myndbyggingu</li> <li>• nýta grundvallaratriði í myndbyggingu, lita og formfræði til að tjá eigin hugmyndir</li> <li>• rökstyðja skoðanir sínar um málefni sem tengjast mismunandi merkingu lita, forma og efnis</li> <li>• nýta og meðhöndla mismunandi efnistegundir bæði í tvívíðum og þrívíðum verkum</li> </ul>	

Vinnuáætlun		
<b>Tímasókn</b>	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
<b>Heimavinna</b>	15 vikur x 2 klst.	30 klst.
<b>Rannsóknarvinna</b>	3 x 2 klst.	6 klst.
<b>Undirbúningur f. skil</b>	12 klst.	12 klst.
<b>Undirbúningur f. sýningu</b>	2 klst.	2 klst.
<b>Alls</b>		<b>110 klst. = 5 fein*</b>

*Virðing, samvinna og árangur*

<b>Kennsluvikur</b>	<b>Áætluð yfirferð námsefnis</b>	<b>Skil á verkefnum</b>
<b>SJÓN1TF</b> <b>1. vika</b> 20. - 27. ágúst	Kynning – kennsluáætlun – formfræði – myndband Formfræði – teikning	Heimavinna: ýmis rannsóknarvinna, 2 til 3 skissur á viku í skissubók.
<b>2. vika</b> 30. ágúst - 3. september	Formfræði – teikning – myndband Formfræði – teikning – uppstilling	Skissubók 2-3 síður
<b>3. vika</b> 6. - 10. september	Uppstilling – teikning Fjarvídd – teikning	Skissubók 2-3 síður
<b>4. vika</b> 13. - 17. september	Fjarvídd – teikning	Skissubók 2-3 síður
<b>5. vika</b> 20. - 24. september	Fjarvídd – teikning Módelteikning	Skissubók 2-3 síður
<b>6. vika</b> 27. sept. - 1. október	Módelteikning	Skissubók 2-3 síður
<b>7. vika</b> 4. - 8. október	Módelteikning Frágangur og verkefnaskil til kennara	Skissubók 2-3 síður
<b>SJÓN1LF</b> <b>8. vika</b> 11. - 15. október	Kynning – kennsluáætlun – formfræði – myndbygging Formfræði – myndbygging	Skissubók 2-3 síður
<b>9. vika</b> 18. - 22. október <i>Vetrarleyfi 18. og 19. okt.</i>	Formfræði – myndbygging – gullinsnið Formfræði – litafræði	Skissubók 2-3 síður
<b>10. vika</b> 25. - 29. október	Formfræði – litafræði Formfræði – litafræði – jafnvægi og þungi	Skissubók 2-3 síður
<b>11. vika</b> 1. - 5. nóvember	Formfræði – litafræði – jafnvægi og þungi Formfræði – litafræði – línur og túlkun	Skissubók 2-3 síður
<b>12. vika</b> 8. - 12. nóvember	Formfræði – litafræði – línur og túlkun – undirbúningur lokaverkefnis	Skissubók 2-3 síður
<b>13. vika</b> 15. - 19. nóvember	Lokaverkefni – úrvinnsla	Skissubók 2-3 síður
<b>14. vika</b> 22. - 26. nóvember	Lokaverkefni – úrvinnsla	Skissubók 2-3 síður
<b>15. vika</b> 29. nóv. - 3. desember	Frágangur, skil á verkefnamöppu og skissubók	Samtals að lágmarki 30 síður í skissubók

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Íris Jónsdóttir*